

Fimmtudaginn 16. desember 1993

Nr. 7/1993

Alþýðusamband Íslands f.h.

Rafiðnaðarsambands Íslands

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Haraldi og Sigurði h.f.

(Gestur Jónsson hrl.)

Aðild. Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. f.m. vegna frávísunarkröfu stefnda, hefur Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, kt. 440472-1099, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, höfðað fyrir Félagsdómi gegn Haraldi og Sigurði h.f. kt. 470486-0159, Faxaferni 12, Reykjavík, með stefnu þingfestri 29. júní 1993.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að stefndi hafi gerst brotlegur við 7. gr. 1. nr. 80/1938 og kjarasamning Rafiðnaðarsambands Íslands við vinnuveitendur, með því á árinu 1992 að notast ekki við ákvörðun ákvæðisvinnu við ákvæðisvinnugrundvöll rafiðna.
2. Viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að sú háttsemi stefnda á árinu 1992 að láta hjá líða að mæla verk í nýbyggingu samkvæmt ákvæðisvinnugrundvelli rafiðna, sé brot á 7. gr. 1. nr. 80/1938 og kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands og vinnuveitenda.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að málinu verði vísað frá dómi.
2. Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiðslu málskostnaður.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að stefndi sé hlutafélag, sem reki sjálfstæða rafverktakaþjónustu. Starfssvið fyrirtækisins sé raflagnir, raflagnateikningar, loftræstikerfi o. fl. Starfandi hjá fyrirtækinu séu löggiltir rafverktakar. Fyrirtækið hafi unnið talsvert við

raflagnir í nýbyggingum. Fyrirtækið eigi hvorki aðild að Landssambandi íslenskra rafverktaka (LÍR) né Vinnuveitendasambandi Íslands (VSÍ).

Ákvæðisvinnustofa rafiðna (ÁR) fylgist með að öll verk er falli undir ákvæðisvinnugrundvöll séu reiknuð út og greitt sé fyrir þau eins og segir til um í ákvæðisvinnugrundvelli og kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) við VSÍ og LÍR. Ákvæðisvinnugrundvöllur sé gefinn út af ÁR og tiltaki hann verkeiningar við eðlilegan vinnuhraða og góðar starfsaðstæður. Hann sé ætlaður til ákvörðunar á launum rafvirkja, sem starfi hjá rafverktaka. Þessar verkeiningar séu svo notaðar til að margfalda svokallaða reiknitölu ákvæðisvinnu sem sé að finna í kjarasamningi rafiðnaðarmanna. Þannig fáiast laun rafiðnaðarmanna í ákvæðisvinnu. Samkvæmt samkomulagi aðila skuli ákvæðisvinna unnin við öll rafvirkjastörf í nýbyggingum.

Þeir aðilar, sem aðild eigi að samkomulagi um ákvæðisvinnugrundvöll, séu Landsamband íslenskra rafverktaka, VSÍ og RSÍ fyrir hönd aðildarféлага sinna. Samningurinn hafi sama gildistíma og kjarasamningur þessara sömu aðila.

Stefndi, sem unnið hafi að mestu við nýlagnir, hafi látið mæla upp verk hjá ÁR.

Þann 13. desember 1991 hafi LÍR, VSÍ og RSÍ gert með sér sérstakt samkomulag um ákvæðisvinnu þess efnis að ný grein skyldi koma inn í hinn almenna kjarasamning þessara sömu aðila, sem grein 11.2. Samkvæmt henni skuli vinnuveitendur greiða 1% af útborguðum launum rafvirkja til ákvæðisvinnustofu rafiðna. Einnig hafi gr. 4.2. í samningi aðila um ákvæðisgrundvöll verið breytt og skoðunargjald verið lækkað úr 5,6% í 2,1% af einingarverði rafvirkja með orlofi.

Stefndi hafi alfarið hafnað kröfu ÁR um að láta mæla verk í nýbyggingu eins og samningur aðila vinnumarkaðarins á sviði rafiðnaðar geri ráð fyrir.

Þrátt fyrir kröfu þar um hafi stefndi neitað að greiða gjald til ÁR og hafi borið því við að þar sem hann eigi ekki aðild að LÍR, sé hann ekki samningsbundinn til greiðslu þess. Bréf hafi verið sent stefnda þann 14. október sl. en því hafi ekki verið svarað.

Sá kjarasamningur sem í gildi var árið 1992 hafi haft að geyma ákvæði um reiknitölu og ákvæðisvinnu. Hann hafi verið gerður í

febrúar 1990 og gilt til 15. september 1991 og síðan hafi samningur í apríl 1992 tekið við þeim samningi.

Stefnandi telur það brot á kjarasamningi rafiðnaðarmanna að notast ekki við ákvæðisvinnugrundvöll.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir á því í efnispætti málsins að stefndi noti ekki ákvæðisvinnugrundvöll við útreikning launa og gerð verktilboða en það sé honum skylt þar sem kjarasamningur þeirra rafiðnaðarmanna er hjá honum starfa byggist m.a. á ákvæðisvinnugrundvelli. Hann hafi auk þess ekki látið mæla verk eins og fyrir er lagt í ákvæðisvinnugrundvelli.

Í grein 2.4. í ákvæðisvinnugrundvelli segir: „Ákvæðisvinnugrundvöllur þessi er ætlaður til ákvörðunar á launum rafvirkja sem starfa hjá rafverktaka.“

Af ákvæðinu sé ljóst að á engan hátt sé hægt að aðskilja þessa tvo samninga, þ.e. kjarasamning RSÍ annars vegar og samning um ákvæðisvinnugrundvöll hins vegar. Þetta sé enn frekar áréttað í grein 5.1. í ákvæðisvinnugrundvelli þar sem segir: „Að loknu ákvæðisvinnuverki skal reikna út útkomu þess, sbr. gr. 6. hér á eftir, og greiða rafvirkja kaupauka eftir því sem sú grein segir fyrir um“.

Í gr. 6.1. segir : „Telja skal saman skv. ákvæðisvinnugrundvellingum, hve margar einingar verkið er metið á. Þennan einingafjölda skal margfalda með einingaverði skv. launalið kjarasamnings“.

Í lokaákvæði gr. 14.1. í kjarasamningi rafiðnaðarmanna, sem fjallar um ákvæðisvinnu, sé að öðru leyti vísað til samnings um ákvæðisvinnugrundvöll.

Þá sé gildistími samnings um ákvæðisvinnugrundvöll sá sami og gildistími kjarasamnings milli RSÍ og vinnuveitenda.

Af þessu megi ljóst vera að á engan hátt sé hægt að aðskilja þessa tvo samninga þar sem í þeim séu ákvæði sem sameiginlega myndi grundvöll fyrir launum rafvirkja þegar um mælingarvinnu sé að ræða. Með því að nota ekki ákvæðisvinnugrundvöllinn séu brotin ákvæði í kjarasamningi rafiðnaðarmanna þess efnis að þeir eigi að fá greitt fyrir ákvæðisvinnu eftir grundvellingnum. Sé annar grundvöllur notaður þá sé það einnig brot á samningum þar sem kjarasamningur rafiðnaðarmanna leyfi einungis viðmiðun við einn ákveðinn ákvæðisvinnugrundvöll.

Það að notast ekki við grundvöllinn leiði til þess að ekki sé hægt

að gera sér grein fyrir því hvort greidd laun í ákvæðisvinnu séu í samræmi við það sem greiða eigi og lágmarkskjör hverju sinni. Slíkt teljist brot á meginreglunni í 7. gr. l. nr. 80/1938, sem segir að einstakir samningar atvinnurekenda og launþega, sem fari í bága við samninga stéttarfélagsins séu ógildir. Þessir samningar fari augljóslega í bága við þá samninga sem í gildi séu og leiði til þess að ekki sé unnt að ganga úr skugga um að viðkomandi starfsmenn fái rétt reiknuð laun fyrir ákvæðisvinnu.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Í greinargerð stefnda er varðandi málavexti m.a. bent á að stefndi sé hlutafélag, sem reki alhliða byggingastarfsemi. Stór hluti starfseminnar sé verktaka, m.a. á sviði rafiðnaðar. Hjá félaginu starfi menn úr mörgum iðngreinum m.a. rafvirkjar. Hluti af verkefnum stefnda sé við nýbyggingar, en jafnframt sé unnið að öðrum verkefnum, svo sem viðhaldi og endurbótum. Stefndi sé ófélagsbundinn samtökum vinnuveitenda og sé þannig hvorki aðili að LÍR né VSÍ.

Rafvirkjar sem vinni hjá stefnda fái greidd laun ýmist samkvæmt ákvæðisvinnu eða tímavinnu. Tímavinna sé yfirleitt notuð í viðhaldsverkefnum en ákvæðisvinna sé meginreglan þegar um nýbyggingar er að ræða. Útreikningur endurgjalds fyrir ákvæðisvinnu sé í höndum sveina, sem skili til stefnda mælingu á hverju einstöku verki. Mælingin sé yfirfarin af stefnda. Tímagjald sé alltaf lágmark, þótt um ákvæðisvinnu sé að ræða, þ.e. tímavinnan gildi ef mælingin gefi sveininum lægri laun en tímavinna hefði gert. Launagreiðslur stefnda til rafvirkjasveina séu í öllum tilvikum jafnháar eða hærri en umsamið er samkvæmt kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands við vinnuveitendur.

Fyrirkomulag það sem að framan sé lýst sé almennt á markaðinum, þ.e. launakerfi rafvirkja sé yfirleitt sambland af tíma- og ákvæðisvinnu. Ákvæðisvinna sé yfirleitt mæld á hverjum vinnustað sérstaklega án afskipta Ákvæðisvinnustofu rafiðna (ÁR). Einföld tölvuforrit séu fáanleg til útreiknings á endurgjaldi fyrir ákvæðisvinnu rafvirkja og afskipti eða aðstoð ÁR af mælingum því yfirleitt óþörf.

Stefndi kveður ranga þá fullyrðingu stefnanda í málavaxtalýsingu hans að ÁR fylgist með að öll verk er „falli undir“ ákvæðisvinnu grundvöll séu reiknuð út og greitt fyrir þau eins og segi til um í

ákvæðisvinnugrundvellingum. Starfsemi ÁR sé, eftir því sem stefndi best viti, í molum og þar fari nú nánast engin starfsemi fram.

Stefndi reisir kröfuna um frávísun á eftirfarandi atriðum:

1. Að mati stefnda eru dómkröfur stefnanda svo óskýrar að á þær verði ekki lagður dómur. Í fyrstu kröfu sé ætluðu broti stefnda lýst þannig að hann hafi gerst brotlegur við lög og kjarasamning: „með því á árinu 1992 að notast ekki við ákvörðun ákvæðisvinnu við ákvæðisvinnugrundvöll rafiðna.“ Í annarri kröfu sé krafist viðurkenningar á því að sú „háttsemi“ stefnda á árinu 1992 að láta hjá líða að mæla verk í nýbyggingu samkvæmt ákvæðisvinnugrundvelli rafiðna teljist brot á lögum og kjarasamningi. Hvergi sé að finna lýsingu á tilteknu tilviki þar sem stefndi eigi að hafa gerst brotlegur, en slíkt sé skilyrði samkvæmt t.d. d. lið 80. gr. eml.
2. Þá felist í dómkröfum stefnanda að dómurinn láti stefnanda í té lögfræðilega álitserð um ætlaðar skyldur stefnanda aftur í tímann, þ.e. á árinu 1992 og um ætluð brot hans á sama ári, án þess að séð verði að slíkt sé nauðsynlegt til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli. Þetta sé andstætt 1. tl. 25. gr. eml.
3. Stefndi sé ekki félagsmaður í Vinnuveitendasambandi Íslands og ekki aðili að Landssambandi íslenskra rafverktaka. Þar af leiðandi sé stefndi ekki aðili að kjarasamningi þeim, sem stefnandi heldur fram að hann hafi brotið gegn. Stefndi geti ekki brotið gegn samningi sem hann er ekki aðili að.

Stefndi bendir á að hins vegar séu þeir kjarasamningar sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um lágmarksviðmiðun í ráðningarsamningum einstakra launþega og vinnuveitenda, að því marki sem þar sé fjallað um laun og önnur starfskjör. Þessi regla sé lögbundin í 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks. Ef svo væri að ráðningarkjör rafvirkja hjá stefnda teldust lakari en gerist ef miðað væri við kjarasamning Rafiðnaðarsambandsins og VSÍ væri slíkt ekki brot á kjarasamningi heldur óleyfilegt vegna laganna um starfskjör launþega. Álitæfni um það hvort brotið hafi verið gegn þeim lögum eigi ekki undir Félagsdóm heldur almenna dómstóla. Þá eigi málið heldur ekki undir Félagsdóm með vísan til þess að brotið hafi verið gegn 7. gr. laga nr. 80/1938. Sú grein eigi því aðeins við að verið sé að fjalla um samninga einstakra verkamanna við at-

vinnurekanda að svo miklu leyti sem þeir fari í bága við samninga stéttarfélagsins við atvinnurekandann. Í þessu tilviki sé ekki og hafi ekki verið í gildi samningur milli atvinnurekandans og stefnanda. Ákvæðið eigi því ekki við og málið falli því ekki undir Félagsdóm.

Af hálfu stefnanda hefur þess verið krafist í þessum þætti málsins að kröfu um frávísun sé hrundið, málið verði tekið til efnislegrar meðferðar og stefnanda tildæmdur málskostnaður.

Stefnandi mótmælti framkominni frávísunarkröfu og þeim rökum sem hún byggir á. Benti stefnandi m.a. á að ágreiningslaust væri að stefndi ætti ekki aðild að kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands við vinnuveitendur, en ágreiningsefnið snerist um túlkun á þeim kjarasamningi, sem Félagsdómi bæri að leysa úr. Kröfur þær sem stefnandi hafi sett fram byggja einnig á ákvæðisvinnugrundvelli, sem fjallaði um kaup og kjör. Landsamband íslenskra rafverktaka, Vinnuveitendasamband Íslands og Rafiðnaðarsamband Íslands fyrir hönd aðildarféлага sinna eigi aðild að samkomulaginu um ákvæðisvinnugrundvöll og hafi samningurinn sama gildistíma og kjarasamningur þessara sömu féлага.

Brot á samningi um slíkan ákvæðisvinnugrundvöll ætti undir 7. gr. 1 nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ágreiningur um túlkun á því ákvæði ætti því undir Félagsdóm.

Niðurstaða.

Stefnandi máls þessa er Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, sem er heildarsamtök íslenskra rafiðnaðarmanna. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 eru það sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekenda sem reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir Félagsdómi. Mál þetta er hins vegar höfðað af Rafiðnaðarsambandinu sjálfu, en ekki vegna sérstaks stéttarfélags innan þess. Er sú sóknaraðild ekki í réttu formi samkvæmt greindu lagaákvæði.

Við málshöfðun fyrir Félagsdómi ber stefnanda að hafa hliðsjón af skilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýrar dómkröfur og málsástæður. Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru óglöggar og ekki er gerð nánari grein fyrir þeim tilvikum, sem þar um ræðir, eða hverjir áttu þar hlut að máli. Eigi kemur heldur fram hvað þeir starfsmenn stefnda báru úr býtum í reynd, sem áttu að njóta ákvæðisvinnugrundvallarins að áliti stefnanda. Þessi málatalibúnaður stefnanda er ófullnægjandi og andstæður d- og e-liðum 80. gr. laga nr. 91/1991.

Málsaðila greinir ekki á um það að enginn kjarasamningur er til þeirra í millum. Þegar svo hagar til ber það ekki undir Félagsdóm að dæma um brot á kjarasamningi eða um skilning á 7. gr. laga nr. 80/1938, en sú lagagrein á einungis við þegar vinnuveitandinn er bundinn af kjarasamningi.

Framangreind atriði leiða til þess að taka ber til greina kröfu stefnda um frávísun máls þessa frá Félagsdómi. Eftir atvikum þykir rétt að stefnandi greiði stefnda kr. 60.000,- í málskostnað.

Úrskurð þennan kveða upp Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Valgeir Pálsson.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Rafiðnaðarsambands Íslands, greiði stefnda, Haraldi og Sigurði h/f, kr. 60.000 í málskostnað.

Dómur Hæstaréttar 13. janúar 1994.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1993, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sóknaraðili krefst þess, að frávísunarúrskurður Félagsdóms 16. desember 1993 verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir dóminn að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Óumdeilt er, að varnaraðili á enga aðild að þeim kjarasamningi, sem sóknaraðili telur hann hafa brotið gegn. Málsefnið verður eigi borið undir Félagsdóm á grundvelli 7. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 44. gr. laganna. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, greiði varnaraðila, Haraldi og Sigurði hf., 60.000 krónur í kærumálskostnað.
